

GPG Seafood ehf.  
Kt. [...]  
Heimilisfang: [...]

Akureyri, 27.03.2024  
Tilv. 2023-08-08-0772

## **Efni: Ákvörðun um afturköllun endurvigtunarleyfis. Ólögild vog og rofið innsigli.**

### **I. Málsvik**

Fiskistofa hefur lokið meðferð máls er varðar meint brot vigtunarleyfishafans, GPG Seafood ehf., kt. 551203-2470, gegn 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og 6. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 745/2016, um vigtun og skráningu sjávarafila, með því að hafa vigtað afla á ólögildri vog, þar sem löggilding vogarinnar var runnin út og hugbúnaðarinnsgli var rofið.

Málsvikum er þannig lýst í skýrslu veiðieftirlitsmanna Fiskistofu, dags. 8. ágúst 2023, að þann 2. ágúst 2023 hafi þeir verið staddir á Bakkafirði við eftirlit. Þeir hafi ætlað að fylgjast með endurvigtun hjá málsaðila þar sem endurvigta átti ufsa af skipinu Báru NS-126, skipaskrárnúmer 6252, sem landað hafi verið um morguninn. Þegar endurvigtun átti að hefjast hafi veiðieftirlitsmenn veitt því athygli að löggilding vogarinnar sem átti að nota til endurvigtunar hafi verið runnin út og að hugbúnaðarinnsgli var rofið.

Fram kemur að vogin sé af gerðinni Marel M 1100, raðnúmer [...] og að löggilding vogarinnar hafi runnið út í mars 2023. Þá hafi miðinn fyrir hugbúnaðarinnsgli sem sýna ætti CAL 3 og CON 2 hafi sýnt CAL 6 og CON 3, og sé það til marks um að hugbúnaðarinnsgli væri rofið. Veiðieftirlitsmenn Fiskistofu hafi framkvæmt hornapróf á voginni og hafi vogin vigtað rétt og verið í góðu lagi að öðru leyti.

Í skýrslunni segir að löggildur vigtarmaður á staðnum hafi verið X, kt. [...]. Hafi eftirlitsmenn gert honum ljóst að löggilding vogarinnar væri runnin út og að það mætti ekki vigta á henni. Hafi það komið honum á óvart og tjáði hann eftirlitsmönnum að vogin hefði verið send í viðgerð, án þess að geta sagt hvenær, og hafi hann haldið að hún hefði verið löggild í leiðinni.

Afli Báru NS-126 (6252) hafi verið sendur til endurvigtunar hjá Z ehf., kt. [...], á löggildri vog og hafi veiðieftirlitsmenn Fiskistofu viðstaddir þá vigtun.

Samkvæmt gögnum Fiskistofu var vogin notuð til endurvigtunar á tímabilinu 1. apríl til 1. ágúst 2023 á starfsstöð málsaðila í Hafnargötu 8 á Bakkafirði og samtals hafi rúmlega 38.000 kg. af afla verið veginn á voginni eftir að löggilding féll úr gildi.

Málsaðili, GPG Seafood ehf., er grunaður um að hafa brotið gegn ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996 og 6. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 745/2016, með því að hafa vigtað afla á ólögildri vog á fjögurra mánaða tímabili frá 1. apríl til 1. ágúst 2023, auk þess sem hugbúnaðarinnsgli vogarinnar var rofið.

GPG Seafood ehf. er með gilt endurvigtunarleyfi í fiskvinnsluhúsi GPG Bakkafirði til og með 6. desember 2024. Vogin fékk löggildingu af [...], þann 8. ágúst 2023.

## II. Athugasemdir málsaðila

Með bréfi Fiskistofu, dags. 10. janúar 2024, var málsaðila tilkynnt um að málið hafi verið tekið til meðferðar, málsatvikum lýst, leiðbeint um lagaatriði og aðila málsins gefinn kostur á að koma andmælum og athugasemdum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 áður en afstaða yrði tekin til þess hvort brot hafi verið framin og eftir atvikum hvort beita ætti viðurlögum. Var málsaðila veitt tækifæri til að leggja fram athugasemdir eða andmæli vegna málsins til og með 31. janúar 2024.

Þann 31. janúar 2024 bárust athugasemdir frá málsaðila. Þar kemur fram að málsaðili harmi þau mistök sem hafi átt sér stað er kom í ljós að vog sem nota átti til endurvigtunar hafi reynst án löggildingar, en gert hafi verið ráð fyrir að umrædd vog hefði verið löggild eftir að hafa verið send til viðgerðar. Það hafi hins vegar ekki verið raunin og eftir ábendingu veiðieftirlitsmanna Fiskistofu hafi málsaðili brugðist samstundis við og látið löggilda vogina. Málsaðili áréttar einnig að vogin hafi verið prófuð og skoðuð af eftirlitsmönnum sem höfðu ekkert út á vogina að setja og töldu hana vigta rétt sem hafi verið staðfest með löggildingu nokkrum dögum síðar.

## III. Lagagrundvöllur

Um endurvigtun gilda ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996 og ákvæði reglugerðar nr. 745/2016. Fiskistofa hefur heimild til að veita einstökum aðilum leyfi til að vigta sjávarafla sem áður hefur verið veginn á hafnarvog, skv. 2. mgr. 6. gr. laganna að fenginni umsögn hafnaryfirvalda. Í 6. mgr. 15. gr. framangreindrar reglugerðar segir að endurvigtun skuli vera framkvæmd af vigtarmanni sem hlotið hefur löggildingu til vigtunar og notuð skuli löggilt vog. Í 7. gr. laga nr. 57/1996 segir að löggiltir vigtarmenn, er vigta sjávarafla, skuli gæta þess að fara í hvívetna eftir reglum um framkvæmd vigtunar, skráningu upplýsinga og skil á þeim. Í 2. mgr. 56. gr. reglugerðarinnar segir að Fiskistofu sé heimilt að afturkalla vigtunarleyfi vinnsluöðva, fiskmarkaða og annarra aðila sem fengið hafa vigtunarleyfi, sé ekki af þeirra hálfu farið að ákvæðum reglugerðarinnar. Í 1. mgr. 17. gr. laga nr. 57/1996 segir að Fiskistofa skuli afturkalla leyfi aðila til vigtunar sjávarafla skv. 2. mgr. 6. gr. ef hann, fyrirvarsmenn hans, starfsmenn eða aðrir þeir sem í þágu hans hafa starfað hafa brotið gegn ákvæðum III. kafla laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim. Í 3. mgr. 17. gr. laganna segir að við fyrsta minni háttar brot skuli Fiskistofa, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., veita hlutaðeigandi aðila skriflega áminningu.

## IV. Niðurstaða og rökstuðningur

Í málinu liggur fyrir að veiðieftirlitsmenn Fiskistofu sem voru við eftirlit hjá GPG Seafood ehf. á Bakkafirði, þann 2. ágúst 2023, urðu þess áskynja að löggilding vogar sem nota átti við endurvigtun hafði runnið út í mars 2023 auk þess var hugbúnaðarinnsgli vogarinnar rofið.

Vogin er af gerðinni Marel M1100, raðnúmer [...]. Samkvæmt gögnum Fiskistofu var vogin notuð til endurvigtunar í apríl, maí, júní og júlí 2023. Á þessu fjögurra mánaða tímabil voru rúm 38.000 kg af sjávarafla vigtuð með voginni á starfstöð málsaðila á Bakkafirði. Vogin var ekki notuð til endurvigtunar eftir að veiðieftirlitsmenn Fiskistofu bentu á að löggilding vogarinnar væri útrunnin og að hugbúnaðarinnsgigli væri rofið.

Hvað varðar innsiglisrof, þá eru vogir innsiglaðar í lok löggildingar og fellur löggilding úr gildi ef innsigli er rofið. Málsaðili bar fyrir sig að vogin hafi farið í viðgerð sem að mati Fiskistofu getur leitt til þess að hugbúnaðarinnsglisrof hafi orðið á voginni. Með tölvupósti, dags. 23. febrúar 2024, óskaði Fiskistofa sérstaklega eftir gögnum sem sýndu fram á að vogin hafi farið í viðgerð. Málsaðili sendi, dags. 6. mars 2023, kvittun frá Y ehf. fyrir viðgerð á voginni dagsett 21. janúar 2022. Af viðgerðarkvittuninni verður ekki ráðið hvort átt hafi verið við hugbúnað sem leitt hafi til innsiglisrofs. Að mati Fiskistofu bar málsaðila að ganga úr skugga um að hugbúnaðarinnsgigli vogarinnar væri órofið. Hvort sem það var eftir viðgerð á voginni eða síðar, en eitt og hálf ár var frá viðgerð vogarinnar og þar til eftirlitsmenn Fiskistofu urðu þess áskynja að innsigli væri rofið.

Löggilding vogarinnar rann út 1. apríl 2023. Við eftirlit Fiskistofu, 2. ágúst 2023 kom í ljós að hugbúnaðarinnsgigli var einnig rofið. Fiskistofa lítur alvarlegum augum á það þegar innsigli eru rofin og getur það gfið vísbendingu um að átt hafi verið við vogina með einhverjum hætti.

Með vísan til málsatvika og eðli brota, vitnisburðar veiðieftirlitsmanns studdum þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu, s.s. skýrslu veiðieftirlitsmanna og löggildingarvottorði frá [...], er það niðurstaða Fiskistofu að málsaðili hafi brotið gegn 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996 og 6. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 745/2016.

**Endurvigtunarleyfishafi, GPG Seafood ehf., braut gegn 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996, sbr. 6. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 745/2016, með því að hafa notað ólöggilda vog við endurvigtun á sjávarafla frá 1. apríl til 1. ágúst 2023.**

Brot á lögum nr. 57/1997 og reglugerð nr. 745/2016 varða viðurlögum í formi áminninga eða afturköllun endurvigtunarleyfis skv. 17. gr. laga nr. 57/1996. Í 1. mgr. 17. gr. laganna segir að Fiskistofa skuli afturkalla leyfi aðila til vigtunar sjávarafla skv. 2. mgr. 6. gr. ef hann, fyrirsvarsmenn hans, starfsmenn eða aðrir þeir sem í þágu hans hafa starfað hafa brotið gegn ákvæðum III. kafla laganna eða reglum settum samkvæmt þeim. Í 3. mgr. 17. gr. laganna segir að við fyrsta minni háttar brot skuli Fiskistofa þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., veita hlutaðeigandi aðila skriflega áminningu.

Við mat á því hvort um minni háttar brot sé að ræða er m.a. litið til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi málsaðila og/eða tengda aðila, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi.

Við mat á þeim hagsmunum sem brot ógna verður að líta til markmiða laga nr. 57/1996. Lögunum er ætlað að tryggja tvö meginatriði. Í fyrsta lagi að öllum afla sem kemur í veiðarfæri

skíps sé landað í viðurkenndri höfn og í öðru lagi að allur aflí sé veginn og skráður. Samkvæmt skýrslu veiðieftirlitsmanna Fiskistofu vigtaði vogin rétt. Ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996 og 6. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 745/2016, eru skýr hvað varðar skyldu og ábyrgð málsaðila að sá aflí sem tekinn er til endurvigtunar sé veginn á löggiltri vog. Eftir að eftirlitsmenn gerðu athugasemdir við starfsmann málsaðila um að vogin væri ólöggild þann 2. ágúst 2023, var strax gripið til viðeigandi ráðstafana af hálfu málsaðila og vogin send í löggildingu 8. ágúst 2023.

Þeir sem hafa leyfi Fiskistofu til endurvigtunar sjávaraflla, eru með leyfisveitingunni treyst til þess að framkvæma, í samræmi við ákvæði laga og reglugerða, vigtun á sjávaraflla sem veiddur er úr auðlind sem er í eigu allra landsmanna. Leyfið er veitt í trausti þess að leyfishafi hagi framkvæmd vigtunar í samræmi við lög og að öll framkvæmd einkennist af því öryggi og festu sem endurspeglir hina ríku almannahagsmunum sem felist í vigtuninni, enda byggist endanleg aflaskráning á niðurstöðum vigtana hans. Með því að hafa brotið gegn ákvæðum laga og reglna um endurvigtun, braut málsaðili það traust sem honum er gefið með veitingu endurvigtunarleyfis.

Jafnframt er litið til þess að brotið var til þess fallið að hafa í för með sér sparnað útgjalda fyrir hlutaðeigandi útgerðaraðila og/eða tengda aðila. Með því að löggilda ekki vogina um leið og löggildingin rann út komst málsaðili þar hjá því að greiða löggildingargjald. Samkvæmt verðskrá [...] er grunn verð fyrir löggildingu á ósjálfvirkum vogum sem geta vigtað 151-500 kg, 40.210 kr. án virðisaukaskatts. Jafnframt kemur fram í verðskránni að verð miðist við höfuðborgarsvæðið en rukkaður er ferðakostnaður vegna sérferða.

Við mat á því hvort um gáleysis- eða ásetningsbrot hafi verið að ræða, er m.a. horft til athugasemda málsaðila. Málsaðili sagði í athugasemdum sínum að er vogin var send í viðgerð hafi hann haldið að hún fengi samhliða löggildingu, sem samræmist því sem löggiltur vigtarmaður málsaðila upplýsti veiðieftirlitsmenn Fiskistofu, dags. 2. ágúst 2023. Þá telur Fiskistofa út frá gögnum málsins, prófun veiðieftirlitsmanna á hvort vogin hafi vigtað rétt ásamt löggildingar vottorði [...], að brotið leiddi ekki til rangrar aflaskráningar þeirra skipa sem veitt höfðu þann afla sem fór í endurvigtun hjá málsaðili á umræddu tímabili. Hins vegar verður ekki framhjá því litið að með lögum er gerð krafa um að löggiltir vigtunarmenn framkvæmi vigtun og þannig er reynt að tryggja að þekking sé til staðar hjá endurvigtunarleyfishöfum sem er m.a. ætlað að tryggja eftirlit með því að vogir uppfylli lagalegar kröfur eins og að þær fullnægi skilyrðum um löggildingu. Ábyrgð á vigtun og að hún sé framkvæmd með fullnægjandi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli er því hjá málsaðila. Fiskistofa telur að málsaðili hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi með því að hafa ekki fylgst með því hvenær löggilding vigtarinnar rann út og brugðist við í tíma. Þá telur Fiskistofa einnig að málsaðila ber að gæta þess að innsigli vogar sem notuð er til vigtunar sjávaraflla sé órofið.

Að þessu virtu telst brot málsaðila ekki vera minni háttar. Af þeim sökum og á grundvelli alls þess sem að framan hefur verið rakið, með hliðsjón af fyrri ákvörðunum stofnunarinnar og úrskurðum ráðuneytisins í sambærilegum málum og meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar, þykir rétt að afturkalla á endurvigtunarleyfi málsaðila á Bakkafirði.

**Fiskistofa afturkallar hér með endurvigtunarleyfi GPG Seafood ehf. á Bakkafirði frá og með 10. maí 2024, skv. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 57/1996, fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðar nr. 745/2016 og lögum nr. 57/1996. Ekki er heimilt að veita málsaðila endurvigtunarleyfi fyrr en átta vikur eru liðnar frá afturköllun leyfis, skv. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 57/1996. Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár skv. 19. gr. sömu laga.**

*Kæruheimild*

Ákvörðun þessa má kæra til matvælaráðuneytisins, Borgartúni 26 – 4. hæð, 105 Reykjavík, innan eins mánaðar sbr. 18. gr. laga nr. 57/1996. Skal það gert skriflega eða með tölvupósti á tölvupóstfangið [mar@mar.is](mailto:mar@mar.is). Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Vakin er athygli á því að ákvörðun þessi verður birt opinberlega á heimasíðu Fiskistofu í samræmi við 9. gr. laga um Fiskistofu nr. 36/1992, sbr. 21. gr. laga nr. 57/1996.

